

Að minna á væntingar

Ýmislegt hlutbundið er hægt að nýta til að minna starfsfólk og nemendur á einkunnarorð skólans, gildi og væntingar. Dæmi um það er eftirfarandi:

- Einkunnarorð skólans sýnileg, t.d. plaköt, listaverk, stuttmyndir sem nemendur búa til, upplýsingar á sjónvarpsskjáum
- Þemadagar tengdir einkunnarorðum
- Merki skólans fyrir PBS, t.d. þrykkt á ýmsa hluti s.s. húfur, buff, endurskinsmerki, pennar, bréfsfni, möppur, skóladagbók, glös o.s.frv.
- Reglufylki og sjónrænar reglur á viðeigandi stöðum
- Ljósmyndir af nemendum að fara eftir reglum, ljósmyndir af umbunarveislum
- Hrósmerki
- Krukkur í kennslustofum þar sem hrósmerkjum er safnað
- Mynd á vegg kennslustofu þar sem talning hrósmerkja sést
- Örvamerkingar á gólfum
- Mittistöskur fyrir alla starfsmenn
- Opið hús fyrir foreldra

